

**Nd.**

## **114. Frumvarp**

til laga um sóknaskipun í Reykjavík.

Flutningsm.: Magnús Jónsson, Einar Arnórsson.

### **1. gr.**

Ef komið verður upp nýjum kirkjum, einni eða fleiri, í Reykjavíkursókn handa þjóðkirkjusöfnuðinum, skiptir ríkisstjórnin, að fengnu samþykki safnaðarfundar og héraðsfundar og í samráði við biskup, sókninni og leggur ákveðna hluta hennar til hinna nýju kirkna, hverrar um sig.

### **2. gr.**

Söfnuðir þeir, sem lagðir verða til hinna nýju kirkna, skulu hver um sig hafa umsjón og fjárhald sinnar kirkju, með sömu skyldum og réttindum sem aðrir söfnuðir í þjóðkirkjunni, er tekið hafa að sér umsjón og fjárhald kirkna sinna. Gildir þetta eins fyrir því, þótt ríkið verði framvegis eigandi núverandi dómkirkju og hafi forræði hennar.

### **G r e i n a r g e r ð.**

Dómkirkjusöfnuðurinn hefir hvað eftir annað boðizt til að taka við fjármálum kirkju sinnar, ef hæfilegt álag fylgdi frá núverandi eiganda hennar (ríkissjóði), til stuðnings nýrrar kirkjugerðar á næstu árum, þar sem dómkirkjan gamla er fyrir löngu orðin of litil handa söfnuðinum. En við þeim málaleitunum hafa engin ákveðin svör fengizt ennþá. Því eru ýmsir ófúsir til að styðja þá fjársöfnun, sem hafin er innan safnaðar til að reisa nýja kirkju í Reykjavík. Telja safnaðarmenn nauðsynlegt, að sú trygging fáiist um fjármál hennar, sem hér er farið fram á.